

Mál nr. 86/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 6. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 9. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 3. febrúar 2022 farþegi í bifreið sem bifreiðin A ók aftan á. M kveðst hafa hlotið hnykk á háls, öxl og mjöðm við áreksturinn. Leitaði M á bráðamóttöku daginn eftir áreksturinn og kvartaði undan fyrrgreindum einkennum. Samkvæmt vottorði heimilislæknis dags. 16. febrúar 2023 finnast engar nótur þess efnis að M hafi áður kvartað undan verkjum á þeim stöðum sem hún hlaut eymsli af í kjölfar árekstursins. Hefur M gert kröfu um bætur fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu. Telur M óforsvaranlegt að V taki afstöðu án frekari athugunar. Augljóst sé að orsakatengsl séu til staðar og sé hún nú tveimur árum síðar ekki búin að ná sér. Telur M nauðsynlegt að fram fari mat á tjóni hennar sem framkvæmt verði af tveimur óvilhöllum og óháðum matsmönnum sem meti afleiðingar slyssins og þeir taki til þeirra bótaþátta sem tilgreindir eru í lögum nr. 50/1993. Telur M að hún eigi rétt á fullum bótum vegna tjóns síns.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að ósannað sé að orsakatengsl séu milli umrædds slyss og meintra einkenna M í dag. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar fellur það í hlut M að sanna tjón sitt og að tjónið megi rekja til bótaskylds atburðar. Samkvæmt gögnum málsins telur V að sú sönnun hafi ekki tekist. Hefur M ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins og liggur því ekki fyrir matsgerð þar sem tekin er afstaða til orsakatengsla milli slyssins og einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 3. febrúar 2022. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja fyrir nótur úr sjúkraskrá frá slysdegi til 16. febrúar 2023 ásamt vottorði heimilislæknis dagsett sama dag. Þar kemur fram að engar nótur finnast í sjúkraskrá M fyrir slysið þar sem talað er um verki frá þeim stöðum sem hún hefur fundið mest til eftir slysið. Þá er eingöngu að finna eina komu til heimilislæknis eftir komu á bráðamóttöku daginn eftir slysið en það er koma þann 9. febrúar 2022. Liggja þannig ekki fyrir nein gögn líkt og læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila sem staðfesta að einkennum M hafi haldist stöðug frá því stuttu eftir slysið til dagsins í dag. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til árekstursins þann 3. febrúar 2022 þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 3. febrúar 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir